



# **Umf. Sindri Knattspyrnudeild Yngri flokkar**

**Aðalfundur 20. febrúar 2020  
Ársskýrsla fyrir árið 2019**

## Skýrsla stjórnar Yngriflokkaráðs Sindra 2019

---

Starfsemi yngriflokka var með hefðbundnu sniði á árinu 2019. Stjórn yngriflokkaráðs var óbreytt, en hana skipa Sigurður Ægir Birgisson form, Eva Birgisdóttir gjaldkeri, Laufey Sveinsdóttir ritari og Guðrún Ása Jóhannsdóttir meðstjórnandi.

Strax í upphafi árs var ljóst að rekstur yngriflokka yrði mjög þungur og að ekki yrði ráðið við háan launakostnað og hagræðingar yrði þörf. Samningur við Benóný Þórhallsson yfirþjálfara yngriflokka rann út í október. Ekki náðist samkomulag um breyttan samning og þökkum við honum kærlega fyrir samstarfið. Það kvarnaðið meira úr þjálfarahópnum Alexandre Fernandez Massot og Ingvi Ingólfsson létu af störfum eftir sumarið og þökkum við þeim fyrir þeirra störf. Ráðinn var nýr þjálfari Veselin Chilingirov (Vesko) sem áður þjálfaði hjá Leikni Reykjavík og var gerður við hann 3ja ára samningur. Hóf hann störf í lok nóvember og sér um þjálfun 3., 4. og 5. flokka ásamt því að vinna störf fyrir stjórn Yngriflokka.

Þjálfararahópurinn núna um síðustu áramót eru, Vesko og Sigurborg Jóna Björnsdóttir sem sér um 7. fl. og 6. fl. Þeim til aðstoðar eru svo leikmenn úr meistara flokki og eldri iðkendur í Yngriflokkum. Einar Karl, Mate, Freyja Sól, Sesselía og Samira. Ólafur Jónsson hefur svo séð um markmannsþjálfun. Við leggjum áherslu á að virkja yngri leikmenn sem áhuga hafa á þjálfun og nýta sem aðstoðarþjálfara undir handleiðslu menntaðra þjálfara og aðstoðum þá að sækja sér menntun.

Iðkendafjöldi var svipaður í vor en hefur ánægjulega fjölgað nú í haust og gaman að sjá krakka koma aftur inn sérstakleg í eldri flokkum þar sem hættu á brottfalli er hvað mest. Samt er það svo í sumum árgöngum að fjöldi er of lítill til að halda úti sér æfingum aðgreindum milli kynja, en ávallt er reynt að finna lausn sem kemur krökkunum fyrir bestu. Svo hefur samstarf við önnur félög hjálpað okkur að finna verkefni fyrir okkar börn. Þar ber helst samstarf okkar við Neista á Djúpavogi sem hefur gert okkur kleift að halda úti keppnisliðum í mörgum flokkum og þökkum við þeim kærlega fyrir og vonandi heldur sú samvinna áfram um ókomandi ár. Síðastliðið sumar vorum við í samstarfi við Umf Selfoss í 3ju flokkum og þökkum við þeim fyrir. Komandi sumar verðum við sjálfbær með lið í öllum flokkum nema 3 flokki kvenna og keppum undir merkjum Sindra eða Sindra/Neista, 3.flokkur kvenna mun vera í samstarfi með ÍBV. Farið var á hin ýmsu mót og keppt í Íslandsmóti og stóðu okkar krakkar sig með ágætum og eru okkar félagi til sóma.

Tekist hefur að ná tókum á rekstri með hagræðingu í launakostnaði og með auknum fjáröflunum sem leiddi til þess að rekstrarniðurstaðan viðunandi. Æfingagjöld eru óbreytt milli ára.

Að lokum viljum við ítreka það að umgjörð um iðkendur ræðst ekki bara af aðstæðum til æfinga og hæfni þjálfara. Hvatning okkar forelda og þátttaka er ekki síður mikilvæg. Íþróttafélagið okkar verður ekki stærra en það sem við sjálf leggjum af mörkum til að láta hlutina ganga vel fyrir sig. Við hvetjum því alla foreldra að taka virkan þátt í starfi félagsins á þann hátt sem fólk getur og treystir sér til. Við í ráðinu þökkum fyrir árið og þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn.

Stjórn Yngri flokkaráðs

## Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
<b>Framlög og styrkir</b>			
Styrkir frá KSÍ.....		714.520 kr.	4.241.495 kr.
Ferðastyrkur ÍSÍ.....		1.057.539 kr.	1.398.311 kr.
Fyrirtækastyrkur.....		400.000 kr.	0 kr.
UMFÍ Þjálfaranámskeið.....		250.000 kr.	0 kr.
Styrkur frá USÚ.....		150.000 kr.	150.000 kr.
Lottótekjur.....		701.863 kr.	325.000 kr.
	<b>Samtals</b>	<b>3.273.922 kr.</b>	<b>6.114.806 kr.</b>
<b>Æfingagjöld</b>			
Æfingagjöld .....		9.109.028 kr.	9.194.325 kr.
	<b>Samtals</b>	<b>9.109.028 kr.</b>	<b>9.194.325 kr.</b>
<b>Fjárafilanir</b>			
Humarhátíð fjáröflun.....		170.950 kr.	0 kr.
Aðrar fjárafilanir.....	1.	643.503 kr.	0 kr.
	<b>Samtals</b>	<b>814.453 kr.</b>	<b>0 kr.</b>
<b>Aðrar tekjur</b>			
Styrkur vegna Leikjanámskeiðs.....		1.500.000 kr.	750.000 kr.
Styrkur vegna 17. júní.....		800.000 kr.	400.000 kr.
Ýmislegt.....	2.	0 kr.	2.084.983 kr.
	<b>Samtals</b>	<b>2.300.000 kr.</b>	<b>3.234.983 kr.</b>
	<b>Rekstrartekjur Alls</b>	<b>15.497.403 kr.</b>	<b>18.544.114 kr.</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og verktakagr.....		12.684.906 kr.	14.597.662 kr.
Ferðakostnaður innanlands.....		803.671 kr.	543.163 kr.
Þáttökugjöld í mótum.....	2.	35.885 kr.	1.917.796 kr.
Húsaleiga.....		190.000 kr.	0 kr.
Annar Rekstrarkostnaður.....		256.236 kr.	227.356 kr.
	<b>Rekstrargjöld Alls</b>	<b>13.970.698 kr.</b>	<b>17.285.977 kr.</b>
	<b>Rekstarhagnaður (-tap)</b>	<b>1.526.705 kr.</b>	<b>1.258.137 kr.</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Vaxtatekjur.....		5.890 kr.	0 kr.
Vaxtagjöld.....		3.217 kr.	0 kr.
Fjármagnsskattur.....		1.296 kr.	0 kr.
	<b>Fjármagnsliðir Alls</b>	<b>1.377 kr.</b>	<b>0 kr.</b>
	<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>	<b>1.528.082 kr.</b>	<b>1.258.137 kr.</b>

## Efnahagsreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Aðrar eignir.....		0 kr.	0 kr.
<b>Samtals</b>		<b>0 kr.</b>	<b>0 kr.</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Ógreidd æfingagjöld.....		381.345 kr.	222.997 kr.
Innistæður á bankareikningum.....		6.900.823 kr.	5.531.089 kr.
<b>Samtals</b>		<b>7.282.168 kr</b>	<b>5.754.086 kr.</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>7.282.168 kr</b>	<b>5.754.086 kr.</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir.....		0 kr.	0 kr.
<b>Samtals</b>		<b>0 kr.</b>	<b>0 kr.</b>
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé í upphafi árs.....		5.754.086 kr.	4.495.949 kr.
Rekstrarhalli/afgangur.....		1.528.082 kr.	1.258.137 kr.
<b>Eigið fé í lok árs</b>		<b>7.282.168 kr.</b>	<b>5.754.086 kr.</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>7.282.168 kr</b>	<b>5.754.086 kr.</b>

## Skýringar ársins 2019

<b>1. Aðrar fjáraflanir</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Dósatalning.....	312.288 kr.	0 kr.
Ruslatínsla upp í Lóni.....	150.000 kr.	0 kr.
Landsmót Fjáröflun.....	71.215 kr.	0 kr.
Pakkhús .....	110.000 kr.	0 kr.
<b>Samtals:</b>	<b>643.503 kr.</b>	<b>0 kr.</b>

<b>2. Mótakostnaður</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Greiðslur frá foreldrum.....	1.852.215 kr.	1.902.583 kr.
Greiddur mótakostnaðuar.....	-1.888.100 kr.	-1.917.796 kr.
<b>Samtals:</b>	<b>-35.885 kr.</b>	<b>-15.213 kr.</b>

Formaður: \_\_\_\_\_

Gjaldkeri: \_\_\_\_\_

Ritari: \_\_\_\_\_

Aðrir í stjórn: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_